

Umhverfis- og auðlindaráðherra
Hr. Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

postur@uar.is

9. febrúar 2018

Mál: Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir nær tveimur árum skipaði þáverandi ráðherra umhverfis- og auðlindamála starfshóp til að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000). Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í starfshópnum ásamt fulltrúa Landverndar (sem er núverandi ráðherra), auk fulltrúa ráðuneytisins og tveggja frá Skipulagsstofnun.

Starfshópurinn starfaði með hléum þar til fyrir rúmu ári síðan þegar starfið fjaraði út án þess að niðurstaða fengist í starf hópsins.

Nú ber svo við að send eru drög að lagafrumvarpi til hópsins og boðað að ítrustu kröfur Landverndar verði hluti frumvarpsins og formaður hópsins tilkynnir: „Ég hef fengið skýr fyrirmæli frá ráðherra að í frumvarpinu verði miðað við að ekki sé til staðar gildistími á umhverfismatinu þ.e. að alltaf fari fram athugun á því hvort að umhverfismatið sé „up to date“. Ég hef því gert ráð fyrir þeirri útfærslu í frumvarpinu.”

Í stuttu máli er ætlunin að fella út úr lögnum ákvæði um að ekki þurfi að endurskoða mat á umhverfisáhrifum fyrr en að tíu árum liðnum og þá ef forsendur hafa breyst verulega frá því álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu lá fyrir. Þess í stað er ætlunin að gildistími álits Skipulagsstofnunar sé í raun enginn og að þröskuldar til að fá allt matsferlið endurtekið séu mjög lágir og að einnig skapast nýir kærümöguleikar fyrir þá sem áhuga hafa en eins og kunnugt er þá eru kærur vegna framkvæmda þegar mjög umfangsmiklar, tímafrekar og dýrar. Látið er liggja að því að hér sé um að ræða kröfu í tilskipun ESB en þvert á móti þá heimilar tilskipunin ríkjum að tiltaka tímamörk á gildistíma álits yfirvalda, eins og hér hafa gilt um langa hríð. Þess má einnig geta að Alþingi hefur ítrekað hafnað tillögum um styttingu tíu ára gildistíma mats á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð breyting hefur fyrst og fremst áhrif á umfangsmiklar framkvæmdir t.d. fyrirhuguð iðjuver, virkjanir, rannsóknaboranir, fiskeldi og einstakar framkvæmdir í ferðaþjónustu. Færa má sterk rök fyrir því að breytingin geti sett allar umfangsmiklar framkvæmdir í uppnám með tilheyrandi neikvæðum efnahagslegum áhrifum.

Venjan er sú að þegar ferli við mat á umhverfisáhrifum lýkur hefst vinna við lokahönnun mannvirkja, fjármögnun, öflun annarra leyfa en til framkvæmdarinnar sjálfrar. Ekki er óalgengt að 5–7 ár líði áður en sótt er um framkvæmdaleyfi sveitarfélags (eða annars leyfisveitanda), leyfið er veitt og að framkvæmdir geti hafist.

Miðað við áform umhverfis- og auðlindaráðherra skapast nú hætta á nær alltaf þurfi að endurtaka ferli við mat á umhverfisáhrifum. Afleiðingin verður sú að öll áform við fjárfestinguna verða í uppnámi. Fjárfestar geta ekki treyst því að ferlið sé fyrirsjáanlegt, óvissa eykst, kostnaður sömuleiðis og samkeppnisstaða íslensks hagkerfis bíður hnekki.

Samtök atvinnulífsins skora á umhverfis- og auðlindaráðherra að draga áform sín til baka.

Virðingarfyllst,



Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Afrit sent:

Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir.

Fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson.